


FIG. 3



Ársskýrsla 2016



EINKA  
LEYFA  
STOFAN  
ICELANDIC  
PATENT  
OFFICE

# Efnisyfirlit

|   |    |   |    |
|---|----|---|----|
| Inngangur .....   | 3  | Snúið vörumerki Rubik kubbsins .....                      | 24 |
| Ávarp forstjóra .....                                   | 4  | Einkaleyfi og viðskiptaleyndarmál .....                   | 25 |
| Einkaleyfastofan í 25 ár .....                          | 6  | Faggilding .....  | 26 |
| Starfsemi og hlutverk .....                             | 8  | Árið 2016 .....   | 28 |
| Nýtt skipulag .....                                     | 9  | Markmið og árangursmat .....                              | 29 |
| Stefna 2016–2108 .....                                  | 10 | Tölfræði fyrir árið .....                                 | 30 |
| Svið Einkaleyfastofunnar .....                          | 10 | Rafrænar umsóknir .....                                   | 32 |
| Þjónusta og upplýsingar .....                           | 10 | Nýr vefur og nýtt merki Einkaleyfastofunnar .....         | 33 |
| Rannsókn og skráning .....                              | 11 | 25 ára afmælisráðstefna Einkaleyfastofunnar .....         | 34 |
| Lögfræðileg málefni .....                               | 11 | Ráðstefna HR og WIPO um hugverkastefnur háskóla .....     | 36 |
| Fjármál og rekstur .....                                | 11 | Fyrirmyndarstofnun ársins 2016 .....                      | 37 |
| Faggilding .....  | 12 | Þjónustukönnun 2016 .....                                 | 38 |
| Gæðavottun og gæðakerfi .....                           | 12 | Samstarf .....  | 39 |
| Hugverk og hugverkaréttindi .....                       | 13 | Innlent .....   | 40 |
| Hugverkastefna .....                                    | 14 | Erlent .....  | 40 |
| Þetta hljómar eins og (óhefðbundið) vörumerki .....     | 15 | OHIM verður Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) ..... | 41 |
| Hvað kostar eftirlíkingin? .....                        | 16 | Mannauður og rekstur .....                                | 42 |
| Hvenær er hænan kjúklingur? .....                       | 18 | Rekstur .....   | 43 |
| Áhrif hugverkaiðnaðar á hagkerfi og atvinnusköpun ..... | 19 | Starfsfólk Einkaleyfastofunnar .....                      | 44 |
| Nýsköpun og hugverkaréttindi .....                      | 20 | Ársreikningur 2016 .....                                  | 46 |
| Af tómtum og brokkólí .....                             | 22 |   |    |



# Inngangur



## Ávarp forstjóra

# Einkaleyfastofan í aldarfjórðung

Árið 2016 var afmælisár Einkaleyfastofunnar því þann 1. júlí 2016 voru liðin 25 ár frá því Einkaleyfastofan tók formlega til starfa.

Stofnun Einkaleyfastofunnar árið 1991 var merkur áfangi í sögu íslensks iðnaðar. Ljóst var talið að stofnun sem legði sérstaka áherslu á málefni hugverkaréttinda á sviði iðnaðar myndi styrkja stöðu íslenskra hugvitsmanna, skapa þeim grunn að traustari vernd og vera til verulegra hagsbóta fyrir þá sem vinna að rannsóknum og þróun hvers konar nýjunga í atvinnulífi. Einkaleyfastofunni var ætlað það hlutverk að koma til móts við þarfir íslensks atvinnulífs fyrir aukna og betri þjónustu að því er varðar upplýsingar um hugverkaréttindi og vernd slíkra réttinda.

Þetta sama ár var Internetið gert aðgengilegt almenningi. Á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er hefur Internetið og stafræn tækni umblyt iðnaði, viðskiptum og nýsköpun, ekki aðeins á Íslandi heldur um allan heim. Íslenskt samfélag byggir nú að mestu á óáþreifanlegum verðmætum þar sem nýsköpunar- og tæknifyrirtæki skipa sífellt stærri sess í hagkerfinu. Í þessu skapandi umhverfi hefur mikilvægi Einkaleyfastofunnar aukist jafnt og þétt, enda gegnir stofnunin veigamiklu hlutverki við að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki og við að vernda helstu verðmæti sín, svo sem hugvit, þekkingu og orðspor. Það getur skipt sköpum fyrir afkomu fyrirtækja að huga að vernd þeirra verðmæta sem verða til með nýsköpun. Verðmætin sem þar skapast eru auk þess undirstaða framfara og sjálfbærs hagvaxtar á Íslandi. Einkaleyfastofan mun því halda áfram að leggja ríka áherslu á að veita góða þjónustu sem tekur mið af þörfum atvinnulífsins hverju sinni, íslensku samfélagi og iðnaði til hagsbóta.

Afmælisár Einkaleyfastofunnar var á margan hátt viðburðaríkt. Fjöldi skráninga hér á landi var mikill en töliverð aukning var á veitingu nýrra einkaleyfa, sem og skráningu vörumerkja og hönnunar frá því árið á undan. Það er von mín að þetta sé merki um aukna vitund og þekkingu fyrirtækja og einstaklinga um hugverkaréttindi.

Ný stefna var innleidd á árinu. Í nýrri stefnu er lögð rík áhersla á gæðamál og framfylgni gæðastjórnunarkerfis auk þess sem sérstök áhersla er lögð á að efla samskipti við hagsmunaaðila. Þá eru aðgerðir til þess að auka vitund um hugverkaréttindi sett í forgang. Samhliða nýrri stefnu voru gerðar breytingar á skipulagi stofnunarinnar og höfðu þær breytingar í för með sér mikið hagræði í afgreiðslu erinda og leiddu heilt yfir til aukins málshraða. Nýtt merki Einkaleyfastofunnar var kynnt í kjölfar þessara breytinga. Merkinu, sem hannað var af Oscari Bjarnasyni, er ætlað að fanga þá starfsemi sem Einkaleyfastofan stendur fyrir og gefur hreyfingin sem býr í útliti merkisins til kynna þá framþróun sem er einkennandi fyrir nýsköpun og hugverk.

Mikilvæg skref í þá átt að bæta rafræna þjónustu Einkaleyfastofunnar voru tekin á árinu. Einkaleyfastofan gerði í fyrsta sinn viðskiptavinum sínum kleift að sækja rafrænt um skráningu og endurnýjun vörumerkja. Þessi þjónusta hefur reynst ákaflega vel og berst nú meirihluti umsókna um skráningu vörumerkja með rafrænum hætti. Ný vefsíða Einkaleyfastofunnar fór einnig í loftið með það að leiðarljósi að einfalda viðmót og bæta þjónustu til viðskiptavina. Á næstu mánuðum og árum mun stofnunin áfram leggja ríka áherslu á að efla rafræna þjónustu, viðskiptavinum okkar til

## Í þessu skapandi umhverfi hefur mikilvægi Einkaleyfastofunnar aukist gríðarlega, enda gegnir stofnunin veigamiklu hlutverki við að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við að vernda nýsköpun sína og helstu verðmæti, svo sem hugvit, þekkingu og orðspor fyrirtækja.

hagsbóta. Það er brýnt að þjónusta Einkaleyfastofunnar taki mið af þörfum atvinnulífsins hverju sinni, fylgi nýjum tæknilegum lausnum og veiti ávallt fyrirmyndarþjónustu, hvort sem er rafrænt eða með öðrum hætti.

Hápunktur ársins var 25 ára afmæli Einkaleyfastofunnar sem fagnað var með veglegri ráðstefnu í Hörpu í maí undir yfirskriftinni *Hugverk og atvinnulíf*. Þangað mættu bæði íslenskir og erlendir gestir til að hlýða á áhugaverð erindi og fagna áfanganum með okkur.

Annar hápunktur ársins var kynning á hugverkastefnu fyrir Ísland sem var gefin út af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í júní. Einkaleyfastofan tók virkan þátt í vinnu við gerð hugverkastefnunnar en að henni komu einnig fulltrúar menntastofnana og viðskiptalífsins auk annarra aðila. Stefnan á að vera leiðarvísir fyrir stjórnvöld til að gera Ísland að hugverkadrifnu landi árið 2022 þar sem samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs byggir á markvissri nýtingu hugverkaréttinda.

Árangur Einkaleyfastofunnar byggir meðal annars á öflugum samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, jafnt á Íslandi sem og á alþjóðlegum vettvangi. Góður árangur byggir hins vegar ekki síst á því afburða starfsfólki sem starfar hjá stofnuninni og það var því sérstaklega ánægjulegt að Einkaleyfastofan var á árinu, líkt og árið 2015, í öðru sæti í könnuninni um Stofnun ársins hjá SFR og telst því áfram vera *Fyrirmyndarstofnun*.

Framundan eru spennandi tímar og útlit er fyrir að þær breytingar sem munu eiga sér stað á næstu 25 árum muni gera Einkaleyfastofuna að enn

mikilvægari hluta af atvinnu- og viðskiptalífi. Sköpunarkrafturinn sem finna má í frumkvöðlum í dag er allt að því áþreifanlegur og segja má að í dag sé hugvit ein helsta auðlind landsins. Hafa verður þó í huga að afurðir samfélags sem leggur áherslu á hugvit, þekkingu og nýsköpun munu í eðli sínu að mestu verða óáþreifanlegar. Því er gríðarlega mikilvægt að auka vitund um hver þessi óáþreifanlegu verðmæti eru og hvernig þeim verður best stýrt og ráðstafað. Í þessu ferli eru hugverkaréttindi óaðskiljanlegur hluti af aukinni verðmætasköpun, samstarfi og framþróun. Þessari ábyrgð tekur Einkaleyfastofan fagnandi og mun halda áfram að kappkosta að veita afbragðs þjónustu og ráðgjöf á komandi árum.



Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri



# Einkaleyfastofan í 25 ár



2002  
Ásta Valdimarsdóttir  
verður forstjóri  
Einkaleyfastofunnar.

27. febrúar 1992

20.000. vörumerkjaumsóknin  
móttekin (Landsbjörg,  
landssamband björgunarsveita)



1991




1. júlí 1991 – Einkaleyfastofan tekur til starfa  
Gunnar Guttormsson forstjóri Einkaleyfastofunnar. Meðal  
fyrstu vörumerkjanna sem skráð voru eftir að Einkaleyfa-  
stofan var sett á laggirnar voru Absolut Vodka og Kaffitár.



1994 – Lög um hönnunarvernd taka gildi á Íslandi


Fyrsta hönnunin sem Einkaleyfastofan veitti vernd bar heitið „Jafn-  
vægishaldari með klemmu fyrir glas“ og var glashaldari sem festa mátti  
t.d. við staf eða hækju og hélst glasið þá ávallt í jafnvægi. Hönnuðurinn  
var vélsmiðameistari Björgvin Frederiksen.



1994

1995 – Ísland gerist aðili  
að PCT samningnum

Fyrsta alþjóðlega umsóknin var  
lögð inn á Íslandi 3. nóvember.  
Umsækjandi var Genís.



1998

1997 – Ísland gerist aðili að Madrid bókuninni

Fyrsta alþjóðlega umsóknin sem barst frá Alþjóðahugverka-  
stofnuninni (WIPO) var orðmerkið “SWEAR!”.



2002

2003

Ísland gerist aðili að  
Genfarsamningnum  
um alþjóðlega  
skráningu hönnunar.

5. júlí 2006

Samningur um Nordic Patent Institute (NPI) undirritaður af ríkistjórnnum Íslands, Noregs og Danmerkur.

2005

Apríl 2007

Einkaleyfastofan flytur frá Skúlagötu 63 í núverandi húsnæði við Engjateig 3.

1. nóvember 2004

Ísland gerist aðili að Evrópska einkaleyfasamningnum.



2008

Um 50.000 vörumerkja-skráningar í gildi á Íslandi.

1. janúar 2008

Nordic Patent Institute tekur til starfa.



2010

Borghildur Erlingsdóttir er forstjóri Einkaleyfastofunnar.

2009

27. júlí 2009

Elsta vörumerkið sem enn er í gildi á Íslandi, Bass Pale Ale, endurnýjað. Merkið var fyrst skráð árið 1909 og var því endurnýjað á aldarafmæli sínu.



2013



31. október 2013

Ísland og Vörumerkja- og hönnunar-skrifstofa Evrópusambandsins (OHIM) skrifa undir samkomulag um samstarf stofnananna.

Stofnun ársins 2014

Einkaleyfastofan valin Stofnun ársins af SFR.



Nýtt merki Einkaleyfastofunnar

2016

Í lok ársins voru tæplega 60.000 vörumerki skráð á Íslandi.

Mái 2016

Einkaleyfastofan hlýtur sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun ársins 2016.






# Starfsemi og hlutverk





# Nýtt skipulag



Skipulagsbreytingar settu mark sitt á starfseminu á árinu en þann 1. janúar 2016 tók nýtt skipurit gildi á Einkaleyfastofunni. Skipulagsbreytingarnar voru lokahnykkurinn á umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem hófst seinni hluta ársins 2014 með aðkomu allra starfsmanna. Niðurstöðurnar voru þróaðar áfram meðal stjórnenda og endurspeglast í nýja skipuritinu.

Með skipulagsbreytingunum var einkum lagt upp með þau markmið að samræma verkferla, jafna málsmeðferðartíma og vinnuálag, veita markvissari lögfræðilega ráðgjöf og auka áherslu á fræðslu- og kynningarmál og þannig auka vitund og þekkingu almennings á hugverkum og verkefnum stofnunarinnar. Gömlu fagsviðin voru lögð niður, þ.e. vöru-

merkjasvið og einkaleyfa- og hönnunarsvið. Í stað þeirra varð til nýtt svið undir heitinu rannsókn og skráning en sviðið tekur til meðferðar allar umsóknir sem berast stofnuninni. Lögfræðileg málefni voru sett í formlegri farveg á nýju lögfræðisviði, verkefni rekstrarsviðs voru endurskoðuð og heitir sviðið nú fjármál og rekstur. Hluti verkefna hins gamla rekstrarsviðs fluttust yfir á nýtt svið, þjónustu- og upplýsingasvið, þ. á m. móttaka viðskiptavina og fræðslu- og kynningarmál. Skipulag og starfsemi faggildingarsviðs hélst óbreytt en heildarendurskoðun á starfsemi faggildingar er í vinnslu hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

## Stefna 2016–2018

Einkaleyfastofan starfar samkvæmt þriggja ára heildarstefnu sem unnin var af stjórnendum og starfsfólki og tók gildi á árinu. Helstu stefnumál á tímabilinu er varða stjórnsýslu og gæðamál eru áframhaldandi markmiðasetning, þróun mælinga og eftirfylgni, styrking innviða og einföldun á stjórnunarkerfi og aukin áhersla á innri og ytri upplýsingamiðlun. Einnig er á stefnuskránni að bæta þjónustu með áherslu á upplýsingatækni, með þróun vefsíðu og gagnagrunna, eflingu rafrænnar stjórnsýslu, styttingu málsmeðferðartíma og markvissari upplýsingamiðlun um málsmeðferð. Í tengslum við mótun stefnunar fóru fram breytingar á skipulagi stofnunarinnar og var nýtt sviðsvið, þjónusta og upplýsingar, sett á laggirnar í byrjun árs.

## Svið Einkaleyfastofunnar



### Þjónusta og upplýsingar

Verkefni þjónustu- og upplýsingasviðs snúast annars vegar um móttöku erinda og ráðgjöf til viðskiptavina og hins vegar um fræðslu- og kynningarmál. Starfsmenn sviðsins taka á móti öllum erindum sem berast stofnuninni, hvort sem er rafrænt eða á pappír. Einnig sjá starfsmennirnir um innfærslubreytingar í gagnagrunna stofnunarinnar, meðhöndlun alþjóðlegra umsókna um vörumerki, einkaleyfi og hönnun auk þess að sjá um leitir í vörumerkjaskrá, en ríflega 260 slíkar leitir voru framkvæmdar á árinu. Útgáfa ELS-tíðinda fer fram á sviðinu og hélst lengd tölublaðanna í hendur við aukinn fjölda skráninga, en helmingur blaðanna á árinu innihélt vel yfir 100 síður. Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavini skipar stóran sess og fer hún ýmist fram á skrifstofunni eða með tölvupósti. Starfsmenn Einkaleyfastofunnar svöruðu ríflega 400 fyrirspurnum með tölvupósti á árinu. Samskiptafulltrúi var ráðinn í byrjun mars 2016. Meðal verkefna hans er að auka tengsl stofnunarinnar við hagsmunaaðila og sinna útgáfu á kynningarefni um starfsemina.



### Rannsókn og skráning

Eins og nafn sviðsins ber með sér annast starfsmenn þess rannsókn umsókna og skráningu réttinda hér landi. Allar nýjar umsóknir sem berast stofnuninni, hvort sem um er að ræða einkaleyfi, hönnun eða vörumerki, eru þannig teknar til formlegrar og síðar efnislegrar meðferðar á sviðinu og í framhaldinu teknar ákvarðanir um hvort hægt er að skrá réttindin. Þá tekur sviðið á móti umsóknum um viðhald réttinda, þ.e. greiðslu árgjalda fyrir einkaleyfi og endurnýjun hönnunar- og vörumerkjaskráninga. Samtals tók sviðið á móti rúmlega 12 þúsund umsóknum um skráningu eða viðhald réttinda á árinu 2016.



### Lögfræðileg málefni

Svið lögfræðilegra málefna sinnir fjölbreyttum verkefnum frá degi til dags. Sviðið er stoðsvið fyrir önnur svið stofnunarinnar og sinnir ráðgjöf til viðskiptavina hvað lögfræðileg álitæfni varðar. Lögfræðingar sviðsins bera

ábyrgð á rökstuðningi í þeim tilvikum sem umsóknum er hafnað, úrskurða í andmæla- og niðurfellingarmálum og koma að málsmeðferð á síðari stigum fyrir áfrýjunarnefnd eða dómstólum þegar Einkaleyfastofan á aðild að slíkum málum. Ennfremur ákvarða lögfræðingar sviðsins í málum vegna endurveitingar réttinda til einkaleyfa og um gildi hönnunarskráninga. Þá sinnir sviðið málum vegna aðilaskipta, veðsetninga og nytjaleyfa, breytingum á útliti merkja og beiðnum vegna aðgangs að gögnum svo fátt eitt sé nefnt.



### Fjármál og rekstur

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið sem ber ábyrgð á fjölbreyttum verkefnum sem snerta flesta þætti starfseminnar. Fyrir utan verkefni sem tengjast fjármálum og áætlanagerð má meðal annars nefna upplýsingatækni, kerfisstjórn, launavinnslu, innkaup, áætlanagerð, gæðamál og alþjóðleg samstarfsverkefni. Þá heyra einnig undir sviðið mannauðsmál, svo sem starfsþróunarmál.

Verkefni sviðsins eru flest þess eðlis að þau hafa mikil áhrif á starfsemina og starfsumhverfið og því er stöðugt verið að leita leiða til að gera betur með einfaldara og hagkvæmara fyrirkomulagi. Meðal þeirra verkefna sem unnið var að á árinu má nefna gerð starfspróunaráætlunar fyrir stofnunina og einföldun á rekstrarumhverfi tölvukerfa.



### Faggilding

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, er sjálfstætt starfandi svið á Einkaleyfastofunni og er opinbera faggildingarstofan á Íslandi. Á sviðinu starfar einn starfsmaður sem sér um daglegan og faglegan rekstur sviðsins. Við framkvæmd faggildingarmats og/eða faggildingareftirlits ræður sviðið til sín tæknilega matsmenn eða sérfræðinga til aðstoðar við mat á samræmi við tæknilegar kröfur.

Faggildingarsviðið leggur sig fram við að bjóða sínum viðskiptavinum góða þjónustu, taka þátt í nauðsynlegu alþjóðlegu samstarfi og að efla samstarf milli hagsmunadila faggildingar, sem geta ýmist verið eigendur krafna, samræmismatsstofur og notendur þjónustunnar svo eitthvað sé nefnt.

## Gæðavottun og gæðakerfi

Einkaleyfastofan gerir reglulegar mælingar sem eru nátengdar stefnu stofnunarinnar og innbyggðar í gæðakerfið. Gögnum er safnað saman og fjallað er um þau reglulega á stjórnendafundum, þar sem fylgst er með árangri og fjallað um úrbætur ef talið er að bregðast þurfi við útkomu mælinga. Stjórnendur Einkaleyfastofunnar rýna þannig niðurstöður niðurstöður mælinga og miðla þeim áfram til starfsfólks. Með þessum hætti er m.a. fylgst með málsmeðferðartíma, fjármálum, verkefnastjórnun og mannauðs- og þjónustumælingum.

Frá árinu 2013 hefur Einkaleyfastofan verið með vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum frá þýsku vottunarstofunni DQS. Gæðakerfi Einkaleyfastofunnar nær yfir meðferð erinda og þjónustu við viðskiptavini, en einnig stjórnun, umsýslu fjármála og mannauðsmál. Stefnumiðaðar mælingar eru innbyggðar í gæðakerfið og eru niðurstöður rýndar og greindar í hringrás umbóta í anda staðalsins. Markmiðið með ISO 9001 staðlinum er að uppfylla kröfur viðskiptavina og auka ánægju þeirra auk þess sem staðallinn hvetur til ferilsnálgunar við þróun, innleiðingu og umbætur á virkni gæðastjórnunarkerfisins.





# Hugverk og hugverkaréttindi



# Hugverkastefna

Í júní gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út Hugverkastefnu til ársins 2022 sem hlaut undirheitið „Hugverkaréttindi sem viðskiptatæki og verðmæti“. Þetta er í fyrsta sinn sem unnið var að sérstakri stefnu varðandi hugverkaréttindi á sviði iðnaðar hér á landi en stefnan var gefin út í tilefni af 25 ára afmælisári Einkaleyfastofunnar.

Markmið stefnunnar er hugverkadrifið Ísland árið 2022 og sú framtíðarsýn er sett fram í skjalinu ásamt því að veita upplýsingar um réttindin, mikilvægi þeirra og mögulegar verndarleiðir ásamt aðgerðaráætlun til næstu fimm ára.

Aðgerðir hugverkastefnunnar miða að eftirfarandi þáttum sérstaklega:

- Nýtingu sóknarfæra sem eru til staðar í samfélaginu í dag með því að efla stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, atvinnulífið og mennta- og rannsóknarsamfélagið
- Eflingu vitundar og skilnings á hugverkaréttindum, mikilvægi þeirra og möguleikum til verndar hvort sem er með skráningu eða á annan hátt.
- Eflingu menntunar og rannsókna á sviði hugverkaréttinda.
- Skilvirku stjórnkerfi og lagaumhverfi í kringum réttindin, nýtingu og framfylgd þeirra.

Hugverkastefnan byggir á greiningu ýmissa skýrslna og rannsókna, á könnun sem ráðuneytið lét vinna fyrir sig árið 2015 sem og á öflugum samtali við fjölda aðila frá ýmsum geirum atvinnulífsins, fræðasamfélagsins og stjórnkerfis nýsköpunarmála.

## Hugverkadrifið Ísland árið 2022

**Sterk vitund er um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar, áhrif þeirra á verðmæti fyrirtækja og mikilvægi réttindanna í allri þróun, rannsóknum og nýsköpun.**

**Samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs byggist á markvissri nýtingu hugverkaréttinda og upplýstri ákvarðanatöku um leiðir til verndar.**

**Innan háskóla og rannsóknarstofnana landsins er góð þekking á hugverkaréttindum og lögð áhersla á mikilvægi verðmætasköpunar sem byggist á uppfinningum og þekkingu úr rannsóknarstarfi.**

**Opinbert stuðningskerfi við frumkvöðla sem og lítil og meðalstór fyrirtæki er öflugt, sérstaklega með tilliti til stuðnings við það að vernda hugverk og afla skráðra réttinda, hér heima og erlendis.**



Hægt er að lesa hugverkastefnuna í heild sinni á [www.els.is/hugverkastefna](http://www.els.is/hugverkastefna)



Dagný Fjóra  
Jóhannsdóttir

## Þetta hljómar eins og (óhefðbundið) vörumerki!

Fyrir okkur flestum eru vörumerki yfirleitt orð eða myndir á blaði, í sjónvarpi eða á auglýsingaskiltum. En með aukinni samkeppni og tækniframförum eru vörumerki farin að verða enn fyrirferðarmeiri og fjölbreyttari en áður.

Til eru vörumerki sem flokkast sem óhefðbundin vörumerki, en það eru þau merki sem ekki eru aðeins orð eða myndir. Dæmi um tegundir slíkra merkja eru þrívíddarmerki, litir, hljóð, bragð og lykt, svo eitthvað sé nefnt. Lítil sem engin dómafrákvæmd er til á Íslandi í tengslum við þessar tegundir vörumerkja og auk þess hafa umsóknir um slík merki verið sárafaár hér á landi.

Sem dæmi um óhefðbundin vörumerki sem skráð hafa verið erlendis má nefna hringitón frá Nokia (Nokia tune), þemalag kvikmyndarísans 20th Century Fox, „I'm lovin' it" lagstúf McDonald's keðjunnar og þrívíddarmyndir af Tripp Trapp stólnum og Toblerone súkkulaðinu. Þá má nefna að bandaríska pósthlutningsfyrirtækið UPS á brúnan lit skráðan

Til eru vörumerki sem flokkast sem óhefðbundin vörumerki, en það eru þau merki sem ekki eru aðeins orð eða myndir. Dæmi um tegundir slíkra merkja eru þrívíddarmerki, litir, hljóð, bragð og lykt, svo eitthvað sé nefnt.

fyrir pósthjónustu og Kraft Foods, sem meðal annars framleiðir Cadbury's súkkulaðið, á fjólubláan lit skráðan fyrir súkkulaði.

Aðeins erfiðara hefur þó reynst að skrá lykt og bragð sem vörumerki og er í raun litið svo á að slík merki séu óskráningarhæf í Evrópusambandinu í dag. Þar var þó áður í gildi skráning fyrir lykt af nýslegnu grasi, fyrir tennisbolta. Sú skráning hefur nú fallið úr gildi. Þá reyndi eitt sinn lyfjaframleiðandi að skrá jarðarberjabragð sem vörumerki í Evrópusambandinu, fyrir lyf. Það gekk þó ekki upp þar sem ekki var talið að lýsingin gæfi nægilega skýrt til kynna hvernig lyktin væri.

Nú liggja framúrsteftnulegar breytingar fyrir hjá Einkaleyfastofunni, en til stendur að taka á móti hljóðmerkjum til skráningar í íslensku vörumerkjaskránni á næstu misserum.



**Einnig hefur fundist mikið magn falsaðra leikfanga og varahluta, en framleiðsluaðferðir á þessum vörum sem uppfylla ekki umhverfis- og öryggiskröfur geta gert vörunar stórhættulegar börnum og almenningi.**

## Hvað kostar eftirlíkingin?

Falsanir og brot á hugverkaréttindum er að finna í öllum löndum og í alls konar iðnaði og viðskiptum en hver er hinn raunverulegi kostnaður fyrir samfélagið? Þrátt fyrir að margir geri lítið úr alvarleika slíkrar starfsemi þá fylgir henni margs konar kostnaður sem liggur ekki alltaf í augum uppi. Falsanir, eftirlíkingar og brot á hugverkaréttindum hafa neikvæð áhrif á samfélagið þar sem þessi ólöglega starfsemi ýtir til hliðar hundruðum milljarða króna virði af lögmætri atvinnustarfsemi og styður við neðanjarðarhagkerfi. Jafnframt sviptir slík starfsemi ríkið tekjum fyrir mikilvæga almenningsþjónustu sem eykur byrði skattgreiðenda, hefur áhrif á hundruð þúsunda lögmætra starfa og gerir hættulegar eða óvirkar vörur aðgengilegar almenningi. Einnig dregur þetta úr hvata fyrirtækja til að standa í kostnaðarsamri rannsóknar- og þróunarvinnu.

Alls konar vörur geta verið falsaðar þar sem óprútttnir aðilar sjá sér færi á að græða á nýsköpun eða viðskiptavild annarra. Vörunar geta verið allt frá lúxus handtöskum, skóm og ilmvötnum yfir í banana og jarðarber sem brjóta á vörumerkjarétti. Einnig hefur fundist mikið magn falsaðra leikfanga og varahluta, en framleiðsluaðferðir á þessum vörum sem uppfylla ekki umhverfis- og öryggiskröfur geta gert vörunar stórhættulegar börnum og almenningi. Fölsuð lyf ganga einnig kaupum og sölu en þau ógna heilsu þeirra sem nota þau, annað hvort með hættulegum aukaefnum eða of mikilli eða lítilli virkni.

Sameiginlegar rannsóknir Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hafa leitast við að skoða viðskipti með falsaðar vörur og greina áhrif þeirra á hagkerfið. Markmið rannsóknarinnar var að meta verðmæti, umfang og þróun í viðskiptum með eftirlíkingar og „sjóræningjavörur“, þ.e. vörur sem eru framleiddar án tilskilins leyfis hugverkaréttihafa. Niðurstöðurnar sýna að viðskipti með falsaðar vörur standa undir 2,5% af alþjóðaviðskiptum í heiminum, eða um 338 milljarða evra. Í Evrópusambandinu standa viðskipti með falsaðar vörur undir 5% af öllum innflutningi, en talið er að ágóðinn af slíkri starfsemi skili sér að miklu leyti til skipulagðra glæpasamtaka. Tölurnar eru varlega áætlaðar og taka ekki tillit til ólöglegra viðskipta með tónlist, kvikmyndir og annað stafrænt efni.

Rannsókn sem Alþjóðaverslunarráðið lét framkvæma á víðari áhrifum þessarar starfsemi sýnir að fölsunum og brotum á hugverkaréttindum fylgir gríðarlegur kostnaður fyrir samfélagið. Árið 2013 var kostnaðurinn fyrir hagkerfi og samfélög metinn á allt að 898 milljarða bandaríkjadala og 2,6 milljón störf, en áætlað er að sá kostnaður muni aukast á næstu árum og verða allt að 1.870 milljarðar bandaríkjadala og 5,4 milljón störf árið 2022.



## Áhrif brota á hugverkaréttindum á hagkerfi og samfélög

|  | 2013                                     | 2022 (áætlað)                                |
|--|--|--|
| Tilfærsla löglegrar atvinnustarfsemi                     | 470–597 milljarðar bandaríkjadala        | 980–1.244 milljarðar bandaríkjadala          |
| Áætlaður samdráttur á hreinni, erlendra fjárfestingu     | 111 milljarðar bandaríkjadala            | 231 milljarður bandaríkjadala                |
| Áætlað fjárhagslegt tap iðnaðar                          | 96–130 milljarðar bandaríkjadala         | 199–270 milljarðar bandaríkjadala            |
| Áætlaður kostnaður vegna glæpastarfsemi                  | 60 milljarðar bandaríkjadala             | 125 milljarðar bandaríkjadala                |
| <b>Samtals efnahagslegur og samfélagslegur kostnaður</b> | <b>737–898 milljarðar bandaríkjadala</b> | <b>1.550–1.870 milljarðar bandaríkjadala</b> |
| Áætlað atvinnutap í heiminum                             | 2–2,6 milljónir starfa                   | 4,2–5,4 milljónir starfa                     |

Heimild: Frontier Economics (2017)



Árni  
Halldórsson

# Hvenær er hænán kjúklingur? Um breytt mat á sérkenni stílfærðra vörumerkja

Orð sem skorta sérkenni, eru lýsandi eða almenn geta öðlast sérkenni og fengist skráð sem vörumerki ef þau eru nægjanlega stílfærð. Spurningin sem vaknar í því sambandi, og hugverkastofur hafa verið ósamstíga um, er hvað telst vera næg stílfærsla?

Sem svar við þessu hefur Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO) í samstarfi við fjölda aðildarskrifstofa sinna útbúið viðmið um það hvenær ólíkar tegundir stílfærslu eins og leturgerð, litir, tákn, myndir og samsetningar þeirra þykja nógu afgerandi til að gæða óskráningarhæf orð sérkenni.

Segja má að mörg þessara viðmiða gera strangari kröfur til stílfærslu en hugverkastofur hafa áður mátt venjast.



Þetta má til að mynda sjá í máli vörumerkisins „Extra“ (mál nr. T-552/14) sem EUIPO hafnaði sökum skorts á sérkenni. Stílfærsla merkisins, sem er hvítt upphleypt letur með bláum hring í bakgrunni, þótti ekki nægjanleg að mati stofnunarinnar til að draga athygli hins almenna neytanda frá þeim lýsandi skilaboðum orðsins „extra“ að vörurnar sem merkið stæði fyrir gæfu eitthvað umfram aðrar sambærilegar vörur.



Strangari viðmið má einnig sjá í dæmum þar sem lýsandi orð eru stílfærð með myndum. Eitt slíkt er merkið „TOP CHOICE POULTRY“ (alþj. skr. nr. 1313389) sem dæmt var

**Framangreind dæmi sýna að áberandi stílfærsla er ekki ávísun á skráningu lýsandi orða ef hún nær ekki að vera yfirsterkari merkingu þeirra.**

óskráningarhæft vegna þess að meginstílfærsla þess, sem var mynd af hænuni, þótti of hversdagsleg mynd af þeim vörum sem það átti að auðkenna (þ.e. alifuglaafurðum) og gerði því ekkert annað en að undirstrika lýsandi merkingu orðanna í merkinu. Höfnun EUIPO á orð- og myndmerkinu „get smarter“ (ums. nr. 15561781) sýnir enn fremur að mynd þarf ekki að vera meira en vísun í eiginleika vöru eða þjónustu til þess að teljast ófullnægjandi stílfærsla. Þar var einföld mynd af útskriftarhúfu ekki talin bæta neinu sérkenni við merkið þar sem hún var talin hversdagslegt tákn fyrir vörur og þjónustu á sviði fræðslu og menntunar.



Framangreind dæmi sýna að áberandi stílfærsla er ekki ávísun á skráningu lýsandi orða ef hún nær ekki að vera yfirsterkari merkingu þeirra. Hin nýju viðmið kalla því á breytta nálgun í mati á sérkenni lýsandi orða sem eru stílfærð, sérstaklega hjá þeim hugverkastofum sem litið hafa á nógu mikla stílfærslu sem næga forsendu skráningar eða horft framhjá þeirri merkingu sem felst í stílfærslunni.

Meirihluti hugverkastofa Evrópu hefur þegar innleitt ofangreind viðmið og eru margar komnar langt á veg í að aðlaga verklag sitt að þeim. Mikilvægt er að þær stofur sem eftir sitja fylgi fordæmi þeirra svo samræmt verklag skapist í tengslum við mat á sérkenni merkja sem hér hefur verið rætt um.


# Áhrif hugverkaiðnaðar á hagkerfi og atvinnusköpun

Ný skýrsla Evrópsku einkaleyfastofunnar og Hugverkastofu Evrópusambandsins sýnir efnahagslegan ávinning Evrópu af hugverkaiðnaði sem byggir á einkaleyfum, vörumerkjum, hönnun og öðrum tegundum hugverka. Í skýrslunni voru mæld áhrif hugverkaréttinda á evrópsk hagkerfi með tilliti til landsframleiðslu, atvinnusköpunar, launa og alþjóðaviðskipta. Kemur þar í ljós að hugverkaiðnaður stendur undir stórum hluta efnahags Evrópusambandsins, stærstum hluta útflutnings og borgar að meðaltali umtalsvert hærri laun en hefðbundinn iðnaður.


- Samkvæmt skýrslunni standa fyrirtæki í hugverkaiðnaði fyrir 42% af efnahagslegri starfsemi Evrópusambandsins og 38% af öllum störfum ESB koma frá iðnaði sem nýtir sér hugverkaréttindi í miklum mæli. Í skýrslunni kemur einnig fram að meðallaun í hugverkaiðnaði eru rúmlega 46% hærri en í öðrum iðnaði.
- Skýrslan sýnir einnig að útflutningsviðskipti Evrópusambandsins byggjast að miklu leyti á hugverkaiðnaði, en 90% útflutningsverðmæta sambandsins koma frá fyrirtækjum í hugverkaiðnaði.

Rannsókn bandarísku einkaleyfastofunnar, USPTO, sem var birt í lok 2015 byggir á sömu aðferðafræði og komst að svipuðum niðurstöðum þegar bandaríska hagkerfið var skoðað með tilliti til hugverkaiðnaðar þar í landi.

Fyrirtæki í hugverkaiðnaði standa undir 27,9 milljónum starfa og leiða af sér þar að auki 17,7 milljónir starfa. Störf í hugverkaiðnaði eru að meðaltali 46% betur launuð en störf í hefðbundnum iðnaði. Þegar kemur að störfum í einkaleyfaiðnaði eru launin að meðaltali 74% hærri.



**Fyrirtæki í hugverkaiðnaði standa fyrir 42% af efnahagslegri starfsemi Evrópusambandsins**



**90% af útflutningsverðmætum ESB kemur frá fyrirtækjum í hugverkaiðnaði**

Meðallaun í hefðbundnum iðnaði

Meðallaun í hugverkaiðnaði **+46%**

Meðallaun í einkaleyfaiðnaði **+74%**



Jón  
Gunnarsson

## Nýsköpun og hugverkaréttindi

Fyrirtæki í dag starfa í hörðu samkeppnisumhverfi þar sem árangur og framfarir eru undir nýsköpun komin. Hugvit, hugverk, þekking og orðspor eru helstu verðmæti fyrirtækja í dag og það sem gefur samkeppnisforskot á markaði.

Hvort sem það er með rannsókn og þróun, nýstárlegri markaðssetningu eða með nýrri hönnun, þá er nýsköpun á þessum sviðum leiðin til að gera vöru og þjónustu meira aðlaðandi í augum viðskiptavinar til að skara framúr á markaði. En ferlinu lýkur ekki þarna. Hér er um gríðarleg verðmæti að ræða sem þarf að vernda til að koma í veg fyrir að samkeppnisaðilar geti nýtt sér nýsköpun annarra.

Verðmæti sem þessi verða ekki vernduð með því að læsa þau inni líkt og hægt er að gera með áþreifanleg verðmæti. Önnur tól þarf til að vernda afurðir nýsköpunar og hámarka verðmæti þeirra. Hugverkaréttindi spila hér lykilhlutverk. Skilvirk notkun hugverkaréttinda minnkar áhættu fyrirtækja þar sem það eykur líkurnar á því að þau fái að njóta ávaxta nýsköpunar sinnar. Þannig gegna hugverkaréttindi lykilhlutverki í að halda utan um verðmæti sem skapast í nýsköpun, stuðla að auknum fjárfestingum í rannsókn og þróun og við að koma nýrri vöru og þjónustu á markaði.

**Skilvirk notkun hugverkaréttinda minnkar áhættu fyrirtækja þar sem meiri líkur eru á að þau fái að njóta ávaxta nýsköpunar sinnar. Þannig gegna hugverkaréttindi lykilhlutverki í að halda utan um verðmæti sem skapast í nýsköpun, stuðla að auknum fjárfestingum í rannsókn og þróun og við að koma nýrri vöru og þjónustu á markaði.**

Það er því engin tilviljun að staða hugverkaréttinda er einn helsti mælikvarðinn á stöðu nýsköpunar í alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði. Þau lönd sem standa hvað fremst í nýsköpun eru einmitt þau sem vernda nýsköpunina sína, hugverk og verðmæti. En hvar stendur Ísland á þessu sviði?

Ísland kemur að jafnaði vel út í árlegum skýrslum Alþjóða-hugverkastofnunarinnar (WIPO) og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um stöðu nýsköpunar í heiminum. Árið 2016 var Ísland, líkt og árið 2015, í 13. sæti nýsköpunarvísitölunnar Global Innovative Index sem er unnin af WIPO, en hún tekur saman og raðar nýsköpunargetu og -árangri aðildarríkja stofnunarinnar. Jafnframt var Ísland talið vera sterkt nýsköpunarland og standa sig betur á þessu sviði en að meðallagi í Evrópusambandinu samkvæmt samanburðarmælingum framkvæmdastjórnar ESB á evrópskri nýsköpun (European Innovation Scoreboard) árið 2016.

Það er ljóst að hér á landi er mikil gróska í nýsköpun sem er góður efniviður í sjálfbæran hagvöxt byggðan á hugviti. Hins vegar sýna rannsóknirnar jafnframt að á sama tíma þá erum við ekki alltaf að nýta tækifærin sem felast í hugverkaréttindum til að vernda og hámarka afurðir nýsköpunar.

**Hugverkaréttindi eru því oft dýrmætasta verkfæri frumkvöðla og aðila í nýsköpun. Þau halda ekki aðeins utan um verðmæti nýsköpunar, heldur nýtast þau einnig sem viðskiptatæki til að t.d. til að laða að fjárfesta, komast á nýja markaði og finna samstarfsaðila.**

Nýleg rannsókn við MIT háskólann skoðaði einmitt hvaða þættir væru mikilvægir í vexti frumkvöðlafyrirtækja og komst að því að sterk fylgni væri á milli notkunar á hugverkaréttindum og vaxtar. Frumkvöðlafyrirtæki með skráð vörumerki voru fimm sinnum líklegri til að ná árangri og stækka en þau sem voru ekki með skráð vörumerki. Þegar kom að frumkvöðlafyrirtækjum með einkaleyfi voru þau 25 sinnum líklegri til að ná árangri og stækka.

Hugverkaréttindi eru því oft dýrmætasta verkfæri frumkvöðla og aðila í nýsköpun. Þau halda ekki aðeins utan um verðmæti nýsköpunar, heldur nýtast þau einnig sem viðskiptatækivið MIT háskólann til að laða að fjárfesta, komast á nýja markaði og finna samstarfsaðila. Það er því nauðsynlegt fyrir alla í umhverfi nýsköpunar- og frumkvöðlafyrirtækja að átta sig á þeim möguleikum sem hugverkaréttindi skapa. Aðeins þannig getur nýsköpun og hugvit verið uppspretta sjálfbærs hagvaxtar á komandi árum.





Margrét  
Hjálmarsdóttir

## Af tómötum og brokkólí

Á sviði einkaleyfa er um fátt annað rætt um þessar mundir í Evrópu en tómata og brokkólí. Umræðan á rætur sínar að rekja til svonefndrar líftæknilskipunar ESB sem innleidd var í lög hér á landi árið 2004. Hún hefur m.a. að geyma ákvæði um einkaleyfishæfi plantna og dýra, sem og aðferða til að „framleiða“ þau. Aðferðir við framleiðslu plantna og dýra eru samkvæmt tilskipuninni ekki einkaleyfishæfar ef þær eru „aðallega líffræðilegar“, þ.e. byggja á náttúrulegum fyrirbærum eins og víxlun eða vali. Álitamál er hins vegar hvort afurðir framleiddar með slíkri aðferð, þ.e. plöntur eða dýr, eru einkaleyfishæfar eða ekki.

Árið 2015 komst áfrýjunarnefnd Evrópsku einkaleyfisstofunnar, EPO, að þeirri niðurstöðu að einkaleyfi væri hægt að veita á plöntuefni eða plöntum sem framleiddar væru með aðallega líffræðilegri aðferð ef grunnskilyrði einkaleyfaverndar væru uppfyllt, þ.e. nýnæmi, einkaleyfishæfi og hagnýting í atvinnulífi. Rökin fyrir því voru þau að allar undantekningar frá einkaleyfishæfi yrði að túlka þröngt og ekkert í undirbúningsgögnum að að gerð Evrópusáttmálans um einkaleyfi, EPC, gæfi til kynna að ætlunin hefði verið að undanskilja slíkar afurðir sérstaklega.

Líftæknilskipunin er Evrópusambandsgerð og fljótlega í kjölfar niðurstaðna EPO varð ljóst að ekki var einhugur um þessa túlkun innan aðildarríkja sambandsins. Í nóvember 2016 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um málið, þar sem í raun er komist að öndverðri niðurstöðu. Ljóst var talið af þeim gögnum sem lögðu grunn að samþykkt tilskipunarinnar að tilgangurinn hafi verið sá að undanskilja afurðir, framleiddar með aðallega líffræðilegri aðferð, frá einkaleyfishæfi. Texta sem beinlínis undanskildi slíkar afurðir frá vernd var ýmist bætt við eða hann tekinn út við vinnslu gerðarinnar. Endanleg niðurstaða var sú að honum var sleppt, þó með þeim skýringum að einkaleyfavernd væri ekki talin eiga við hvað varðar líffræðilegar aðferðir og afurðir úr þeim. Í skýrslunni kom einnig fram að með hliðsjón af öðrum ákvæðum tilskipunarinnar mætti vera ljóst að það hefði ekki verið ætlunin að heimila einkaleyfisvernd á slíkum afurðum.

Í nóvember 2016 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um málið, þar sem í raun er komist að öndverðri niðurstöðu. Ljóst var talið af þeim gögnum sem lögðu grunn að samþykkt tilskipunarinnar að tilgangurinn hafi verið sá að undanskilja afurðir, framleiddar með aðallega líffræðilegri aðferð, frá einkaleyfishæfi.



Ekkert ákvæði tilskipunarinnar undanskilur með beinum hætti einkaleyfishæfi plantna og dýra sem verða til með aðallega líffræðilegri aðferð. Landslög og EPC gera það ekki með skýrum hætti heldur. Vegna þessarar óvissu sem upp er komin um túlkun á ákvæði tilskipunarinnar hefur EPO sett allar umsóknir er þessu tengjast ótímabundið á bið á meðan frekari umræður fara fram í aðildarríkjum EPO. Gagnrýnisraddir heyrast hins vegar úr báðum áttum, annars vegar varðandi þá ákvörðun EPO að setja umsóknir á bið þar sem lagaumhverfið sé nú þegar skýrt en hins vegar varðandi veitingar og ákvarðanir EPO hingað til. Krefjast þær síðarnefndu þess að þau sjónarmið sem framkvæmdastjórnin setur fram í skýrslunni verði innleidd og bann lagt einkaleyfisvernd á framleiðslu plantna og dýra sem aðallega er líffræðileg.

Máli þessu verður fram haldið enn um sinn, m.a. innan laganefndar EPO en endanleg lausn er þó ekki í sjónmáli.



Eygló Sif  
Sigfúsdóttir

## Snúið vörumerki Rubik kubbsins

Ætla má að hvert mannsbarn þekki Rubik kubbinn. Litli marglitaði kubburinn sem lætur klukkutíma líða sem nokkrar mínútur og nær jafnt til fullorðinna sem barna. Maðurinn á bakvið Rubik kubbinn er Ungverjinn og prófessorinn Ernó Rubik, en hann bjó kubbinn til árið 1974.

Þar sem um gríðarlega vinsælt og vinsælt leikfang er að ræða, er ekki að undra að til staðar sé sérstakt félag sem sér alfarið um hugverkamál tengd kubbum. Félagið skráði lögun kubbsins sem þrívíddarmerki hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) árið 1999, en árið 2006 höfðaði þýskt leikfangafyrirtæki ógildingarmál gegn vörumerkjaskráningu Rubik kubbsins þar sem fyrirtækið taldi að vegna tæknilegra eiginleika ætti kubburinn frekar að vera verndaður með einkaleyfi en vörumerki. Þessi deila um vörumerkjavernd Rubik kubbsins stóð yfir í tíu ár, en henni lauk ekki fyrir en í fyrra þegar Evrópuþingurinn komst að þeirri niðurstöðu að fella skyldi vörumerkjaskráninguna úr gildi. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu voru m.a. þau að lögun kubbsins stafaði af tæknilegum eiginleikum hans, s.s. að hægt væri að snúa hliðum kubbsins sem væri nauðsynlegt fyrir virkni hans og þar með væri lögunin ekki skráningarhæf sem vörumerki. Miklar umræður hafa sprottið um niðurstöðu dómsins og eru ekki allir á sama máli um ágæti hennar.

**Evrópuþingurinn komst að þeirri niðurstöðu að fella skyldi vörumerkjaskráninguna úr gildi. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu voru m.a. þau að lögun kubbsins stafaði af tæknilegum eiginleikum hans, s.s. að hægt væri að snúa hliðum kubbsins sem væri nauðsynlegt fyrir virkni hans og þar með væri lögunin ekki skráningarhæf sem vörumerki.**

Telja sumir að með þessari niðurstöðu sé vegið hart að þrívíddarmerkjum, en lögun Kit Kat súkkulaðisins fékk sömu örlög í nýlegum úrskurði Evrópuþingsins. Aðrir telja að um rétta niðurstöðu sé að ræða. Sama hvað því líður þá þýða niðurstöður þessa tveggja dómsmála í raun að enginn einkaréttur er til staðar á útliti eða lögun varanna og þar með að öðrum sé frjálst að framleiða vörur með sömu lögun. Það má því búast við því að fleiri framleiðendur stökkvi á súkkulaði- eða leikfangavagninn á næstunni.





# Einkaleyfi og viðskiptaleyndarmál

## Hver er munurinn á einkaleyfi og viðskiptaleyndarmáli?

### Hvor kosturinn er betur til þess fallinn að vernda tæknilega lausn?

Í fyrstu þarf að huga að því hvort auðvelt sé að vendismíða (e. reverse engineer) eða komast að upplýsingum um uppfinninguna. Ef svo er kann viðskiptaleyndarmál ekki vera fýsilegur kostur, enda er æskilegt að upplýsingarnar haldist leyndar í gegnum framleiðslu- og markaðssetningarferlið. Ef hætta er á að aðrir aðilar sækji um einkaleyfi fyrir uppfinningunni eða afriti hana er einnig ekki ráðlagt að vernda hana sem viðskiptaleyndarmál enda yrðu upplýsingar um uppfinninguna opinberar í einkaleyfaferlinu. Viðskiptaleyndarmál þurfa venjulega að uppfylla þrjú skilyrði: að upplýsingarnar séu ekki almenn vitneskja, að upplýsingarnar séu verðmætar vegna þess að þær eru leyndar og að gripið hafi verið til aðgerða til að halda þeim leyndum.

Hinsvegar þarf að hafa ýmislegt í huga ef vernda á uppfinningu með einkaleyfi. Uppfinningin þarf að vera þess eðlis að hún uppfylli skilyrði um einkaleyfi og leggja þarf fram umsókn áður en uppfinningin er gerð aðgengileg almenningi. Einnig þarf að huga að kostnaði við einkaleyfaferlið og mögulegum fjárhagslegum ávinningi af einkaleyfi, en hann getur verið í gegnum beina hagnýtingu eða leyfisveitingu eða sölu á einkaleyfinu.

Þá má ekki gleyma að aðrar leiðir kunna að henta við verndun nýsköpunarinnar. Hægt er að vernda útlitið með skráðri hönnun eða höfundarrétti og svo nýtist vörumerkið til að vernda viðskiptavild og orðspor fyrirtækisins og vörunnar. Besta leiðin til að vernda vöru eða þjónustu er einmitt með því að samþætta notkun á fleiri en einni tegund af hugverkaréttindum.



# Faggilding



Faggilding er mat á hæfni prófunar-, skoðunar- og vottunarstofa til að meta samræmi við tæknilegar kröfur sem eru m.a. tilgreindar í reglugerðum og/eða stöðlum. Faggilding má ekki vera háð samkeppni vegna þess hlutverks hennar að tryggja að ekki sé vikið frá stöðlum er varða samkeppni milli aðila sem láta í té vörur og þjónustu. Faggilding er starfrækt alþjóðlega og miðar að því að vara sem er prófuð, skoðuð eða vottuð í einu landi af faggildum aðila sé viðurkennd í öllum löndum þar sem faggilding er starfrækt. Í Evrópu eru starfandi faggildingarstofur í meira en 40 löndum.

ISAC, faggildingarsvið Einkaleyfastofunnar, starfar samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. nr. 24/2006, reglugerð nr. 566/2013 um markaðseftirlit, faggildingu o.fl. og staðlinum ÍST EN ISO/ IEC 17011 (Samræmismat – Almennar kröfur vegna faggildingarstofa sem faggilda samræmismatsstofur). Að auki starfar ISAC eftir kröfum og leiðbeiningum European Accreditation samtakanna, þar sem sviðið er meðlimur.

European Accreditation (EA) eru samtök faggildingarstofa í Evrópu og eru sá aðili sem annast samræmingu á starfsemi faggildingar í Evrópu og til þess tilnefnd af Evrópusambandinu. EA starfrækir ýmsar tækninefndir sem fulltrúar ISAC sækja fundi hjá, ásamt aðalfundum samtakanna.

Faggildingarsvið er í samstarfi við SWEDAC faggildingarstofuna í Svíþjóð um mat á nokkrum prófunarstofum. Einnig hefur sviðið aðgang að tæknilegum matsmönnum SWEDAC sem eru sérfræðingar í ökutækjaskoðunarstofum. Í lok ársins voru 43 virkar faggildingar. Prófunarstofur voru alls fimm á sviði matvæla og lögmælifræði,

vottunarstofur tvær, annars vegar á sviði lífrænnar framleiðslu og hins vegar vottunarstofa sem vottar stjórnkerfi. Þá voru 36 skoðunarstofur fyrir ökutæki, ökurita, skip, raforkuvirki, leiksvæði, lyftur og markaðseftirlit. Ein ný faggilding var veitt á árinu og var um að ræða skoðunarstofu í byggingariðnaði. Þrjár faggildingar voru felldar niður að eigin ósk samræmismatsstofa.

Eitt af hlutverkum faggildingarstofa er að efla samstarf milli hagsmunaaðila faggildingar, sem geta ýmist verið eigendur krafna, notendur þjónustu eða samræmismatsstofur. ISAC átti þó nokkra fundi á árinu með eigendum krafna með það að markmiði að auka samskipti og stuðla að betri þjónustu við samræmismatsaðilana. Faggildingarsviðið átti einnig samskipti við nokkur ráðuneyti um faggildingu sem og ýmsar stofnanir.

Á árinu var haldið áfram greiningar- og stefnumótunarvinnu faggildingarsviðs og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem hófst á seinni hluta ársins 2015. Tilgangurinn er að greina og ákveða hvernig skuli staðið að framkvæmd og veitingu faggildingar á Íslandi þannig að hún uppfylli allar kröfur sem eru gerðar til hennar í Evrópureglugerð 765/2008 um faggildingu og markaðseftirlit, sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð 566/2013. Er þessi vinna komin ágætlega á skrið og unnin í góðri samvinnu með ráðuneytinu.

Það eru mörg lítil skref sem þarf að taka svo markmið um faggildingu ná fram að ganga, en ef þau skref eru stigin skynsamlega og skipulega og í rétta átt, mun verkefnið að endingu ná í mark.



## Árið 2016




# Markmið og árangursmat

Markmið um málsmeðferð á árinu 2016 byggjast á reynslu fyrri ára og endurspegla stefnu stofnunarinnar um bættu þjónustu og skemmri málsmeðferðartíma. Meðal settra markmiða á árinu var að rannsókn á landsbundnum vörumerkjaumsóknum tæki að meðaltali um fimm vikur, en í raun var málsmeðferðartíminn um þrjár vikur á árinu, eða um 40% skemmri en markmið sögðu til um.


Rannsókn á alþjóðlegum vörumerkjaumsóknum var um 16% undir settum markmiðum, en gert var ráð fyrir að rannsóknin tæki skemmri tíma en 24 vikur en málsmeðferðartíminn var í raun að meðaltali rétt innan við 28 vikur á árinu. Viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar til að bregðast við þar sem umbóta er þörf og til þess séð að góðum árangri verði viðhaldið í samræmi við stefnu Einkaleyfastofunnar.

Málsmeðferðartími á landsbundnum vörumerkjaumsóknum í vikum



Markmið Rauntími

Málsmeðferðartími á alþjóðlegum vörumerkjaumsóknum í vikum



Markmið Rauntími

# Tölfræði fyrir árið

Í heild var fjöldi umsókna hjá Einkaleyfastofunni í ágætu samræmi við áætlanir ársins 2016. Heildarfjöldi veittra og staðfesta einkaleyfa á Íslandi jókst um 22% milli ára, en aldrei hafa fleiri evrópsk einkaleyfi tekið gildi á Íslandi en árið 2016. Veittum landsbundnum einkaleyfum fjölgaði líka umtalsvert á milli ára, en fyrirséð er að æ færri landsbundin einkaleyfi verði veitt á komandi árum vegna þess hversu fáar umsóknir berast með þeim hætti.

Umsóknum um einkaleyfi fækkaði þó umtalsvert á milli ára. Þar ræður mestu að núorðið koma nær engar umsóknir um landsbundin einkaleyfi frá erlendum aðilum, en þeir kjósa flestir heldur að sækja beint um hjá Evrópsku einkaleyfastofunni og staðfesta síðan veitt einkaleyfi hjá Einkaleyfastofunni á síðari stigum. Alþjóðlegar einkaleyfaumsóknir íslenskra aðila voru 24% fleiri á árinu 2016 en árið á undan og voru raunar hærra hlutfall af nýjum umsóknum en um langt skeið.

Umsóknum um landsbundin vörumerki fjölgaði um 19% á milli ára. Fjölgunin er nokkuð sambærileg hjá íslenskum og erlendum aðilum. Á sama tíma fækkaði alþjóðlegum umsóknum umtalsvert. Helsta skýring þess er lengri málshraði og þar með hægari skráning alþjóðlegra vörumerkja hjá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í kjölfar innleiðingar á nýju tölvukerfi. Allar áætlanir gera ráð fyrir að fækkun ársins 2016 verði

unnin upp með fjölgun á árinu 2017, þegar málshraðinn næst aftur upp hjá WIPO.

Alþjóðlegum umsóknum íslenskra aðila fækkaði verulega á milli ára og ef farið er tvö ár aftur í tímann sést að fækkunin er enn meiri. Þarna sést vel að fjöldi umsókna um skráningu hugverkaréttinda í fámennu landi getur verið mjög sveiflukenndur. Þar ráða sveiflur í efnahagslífi vitanlega miklu en áhrif einstaka fyrirtækja geta líka skipt gríðarlega miklu máli. Ef að t.d. eitt stórt fyrirtæki tekur ákvörðun um breytta stefnu í hugverkamálum, t.d. með því að sækja um skráningu fleiri eða færri réttinda en árið á undan, geta áhrifin á umsóknartölur hjá einkaleyfayfirvöldum breyst mjög mikið.

Á árinu 2016 voru skráð 13% fleiri vörumerki á Íslandi en árið á undan. Skýringin liggur einkum í auknum málshraða í kjölfar skipulagsbreytinga hjá stofnuninni, en það er þróun sem áætlanir gera ráð fyrir að haldi áfram á árinu 2017.

Umsóknum um skráningu hönnunar fjölgaði mikið milli ára. Landsbundnar umsóknir voru 94% fleiri árið 2016 en árið á undan og alþjóðlegum umsóknum fjölgaði að sama skapi töluvert. Skráning hönnunar helst alla jafna í hendur við umsóknir, enda eru flestar umsóknir samþykktar stuttu eftir að þær berast.

## Skráð hugverk á Íslandi í lok árs 2016



Einkaleyfi  
**5.667**

Vörumerki  
**59.147**



Hönnun  
**932**

### Árið 2016

Veitt og staðfest  
einkaleyfi:

**1.248**



Aukning um:  
**22%**  
frá árinu 2015

Skráð  
vörumerki:


**3.419**



Aukning um:  
**13%**  
frá árinu 2015

Skráð  
hönnun:

**116**



Aukning um:  
**35%**  
frá árinu 2015

2014 2015 2016 Breyting

### EINKALEYFI

|                                      |           |            |           |             |
|--------------------------------------|-----------|------------|-----------|-------------|
| Landsbundnar umsóknir                | 49        | 46         | 38        | -17%        |
| Umsóknir um viðbótarvernd            | 23        | 40         | 33        | -18%        |
| Alþjóðlegar umsóknir íslenskra aðila | 15        | 17         | 21        | 24%         |
| <b>Umsóknir samtals</b>              | <b>87</b> | <b>103</b> | <b>92</b> | <b>-11%</b> |

|                               |            |              |              |            |
|-------------------------------|------------|--------------|--------------|------------|
| Veitt, landsbundin einkaleyfi | 54         | 17           | 22           | 29%        |
| Staðfest evrópsk einkaleyfi   | 908        | 1.006        | 1.226        | 22%        |
| Veitt viðbótarvernd           | 6          | 15           | 22           | 47%        |
| <b>Veitt réttindi samtals</b> | <b>968</b> | <b>1.038</b> | <b>1.270</b> | <b>22%</b> |

### VÖRUMERKI

|                                      |              |              |              |            |
|--------------------------------------|--------------|--------------|--------------|------------|
| Landsbundnar umsóknir                | 1.300        | 1.194        | 1.424        | 19%        |
| Alþjóðlegar umsóknir                 | 2.373        | 2.679        | 2.368        | -12%       |
| Alþjóðlegar umsóknir íslenskra aðila | 119          | 68           | 40           | -41%       |
| <b>Umsóknir samtals</b>              | <b>3.792</b> | <b>3.941</b> | <b>3.832</b> | <b>-3%</b> |

|                               |              |              |              |            |
|-------------------------------|--------------|--------------|--------------|------------|
| Skráð, landsbundin vörumerki  | 981          | 907          | 1.299        | 43%        |
| Skráð, alþjóðleg vörumerki    | 2.224        | 2.116        | 2.120        | 0%         |
| <b>Skráð réttindi samtals</b> | <b>3.205</b> | <b>3.023</b> | <b>3.419</b> | <b>13%</b> |

### HÖNNUN

|                                      |           |           |            |            |
|--------------------------------------|-----------|-----------|------------|------------|
| Landsbundnar umsóknir                | 31        | 17        | 33         | 94%        |
| Alþjóðlegar umsóknir                 | 66        | 73        | 85         | 16%        |
| Alþjóðlegar umsóknir íslenskra aðila | 1         | 0         | 1          |            |
| <b>Umsóknir samtals</b>              | <b>98</b> | <b>90</b> | <b>119</b> | <b>32%</b> |

|                               |           |           |            |            |
|-------------------------------|-----------|-----------|------------|------------|
| Skráð, landsbundin hönnun     | 25        | 18        | 29         | 61%        |
| Skráð, alþjóðleg hönnun       | 71        | 68        | 87         | 28%        |
| <b>Skráð réttindi samtals</b> | <b>96</b> | <b>86</b> | <b>116</b> | <b>35%</b> |

# Rafrænar umsóknir

Einkaleyfastofan, eins og flestar aðrar opinberar stofnanir, hefur aukið framboð sitt á rafrænni þjónustu á undanförunum árum. Um árabíl hefur umsækjendum staðið til boða að sækja um einkaleyfi í gegnum rafræna gátt sem stofnunin rekur í samvinnu við Evrópsku einkaleyfastofuna (EPO) og hafa um 90% landsbundinna einkaleyfa og 60% staðfestinga á evrópskum einkaleyfum farið þar í gegn á undanförunum árum.

Á árinu 2016 byrjaði Einkaleyfastofan að bjóða upp á rafrænar vörumerkjaumsóknir í gegnum heimasíðu stofnunarinnar. Hlutfall rafrænna umsókna hefur aukist mikið síðan; um 90% umsókna frá einstaklingum og fyrirtækjum sem ekki nota umboðsmann eru rafrænar, samanborið við um 50% þeirra sem umboðsmenn leggja inn.

Árið 2017 mun Einkaleyfastofan auka enn frekar rafræna þjónustu með því að opna fyrir rafræna endurnýjun vörumerkja. Einnig eru uppi áform um að opna fyrir rafræna umsókn og endurnýjun á skráningu hönnunar. Stofnunin bindur vonir við að þessi nýja þjónusta falli vel að þörfum notenda og fjölgi jafnvel umsóknum og endurnýjunum.

Rafrænar umsóknir hafa almennt í för með sér hagræði þar sem þær tryggja ákveðna sjálfvirkni í meðferð umsókna. Þá bendir allt til þess að þær fækki mistökum, m.a. vegna þess að ekki þarf að endurinnslá upplýsingar sem áður voru á pappírsumsóknnum, heldur fara þær óbreyttar frá umsækjanda inn í gagnagrunna og önnur kerfi hjá Einkaleyfastofunni.

**90%** umsókna frá einstaklingum og fyrirtækjum sem ekki nota umboðsmann eru rafrænar, samanborið við um **50%** þeirra sem umboðsmenn leggja inn.



# Nýr vefur og nýtt merki Einkaleyfastofunnar

Á árinu tók Einkaleyfastofan í notkun nýtt merki til auðkenningar á starfsemi stofnunarinnar. Merkið var hannað af grafíska hönnuðinum Oscarí Bjarnasyni, en með nýja merkinu vildi Einkaleyfastofan vekja athygli á tímamótum í starfsemi stofnunarinnar á afmælisárinu.

Í mars tók Einkaleyfastofan í notkun nýja heimasíðu. Útlit síðunnar var uppfært, en við hönnun hennar var haft að leiðarljósi að einfalda framsetningu til að bæta viðmót og aðgengi upplýsinga fyrir viðskiptavinum. Vefurinn er auk þess með gagnvirku viðmóti fyrir spjaldtölvur og snjallsíma og virkar nú fyrir mismunandi skjástærðir. Kosmos og Kaos sá um hönnun og forritun vefsins sem er settur upp í Drupal vefumsjónarkerfinu.



Markmið ráðstefnunnar var að vekja athygli á því mikilvæga hlutverki sem hugverk gegna fyrir fyrirtæki og atvinnulífið í dag en þau eru oft verðmætustu eignir fyrirtækja.

## 25 ára afmælisráðstefna Einkaleyfastofunnar

Í tilefni af 25 ára afmæli Einkaleyfastofunnar var efnt til alþjóðlegrar ráðstefnu um hugverk og atvinnulíf í Kaldalóni í Hörpu þann 17. maí 2016. Ráðstefnan, sem nefndist IP and Business, var vel sótt af íslenskum og erlendum gestum en markmið hennar var að vekja athygli á því mikilvæga hlutverki sem hugverk gegna fyrir fyrirtæki og atvinnulífið í dag en þau eru oft verðmætustu eignir fyrirtækja. Dagskrá ráðstefnunnar var vegleg en þar komu komu saman aðilar sem starfa á sviði hugverkaréttar ásamt aðilum úr atvinnulífinu.

Meðal fyrirlesara og gesta ráðstefnunnar voru Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, António Campinos, forstjóri Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO), Binying Wang, aðstoðarforstjóri Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) auk aðila frá

fjárfestingarsjóðum, Háskólanum í Reykjavík og íslenskum fyrirtækjum sem byggja afkomu sína á rétti til hugverka.

Ráðstefnunni, sem var stýrt af Eddu Hermannsdóttir, samskiptastjóra Íslandsbanka, var skipt upp í þrjá hluta, en fyrsti hlutinn sneri að mikilvægi hugverka fyrir fyrirtæki á alþjóðlegum mörkuðum á meðan annar hluti ráðstefnunnar fjallaði sérstaklega um snyrtivöru- og líftæknifyrirtæki.

Þriðji hluti ráðstefnunnar var tileinkaður nýsköpunarfyrirtækjum en þar ræddu Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, Erla Skúladóttir, stjórnarformaður Lauf Forks, Helga Valfells, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Salóme Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icelandic Startups um þau tækifæri og áskoranir sem





nýsköpunarfyrirtæki mæta þegar þau eru að feta sín fyrstu skref í viðskiptaheiminum. Ræddu þau meðal annars um að hugverkaréttindi eru að verða meira og meira óaðskiljanlegur hluti viðskiptastefnu fyrirtækja, sérstaklega þegar þau stefna á erlendan markað, og nauðsyn þess að huga að þeim frá byrjun.

Að lokum stýrði Edda Hermannsdóttir umræðum milli Ara Kristins Jónssonar, Ástu Valdimarsdóttur, framkvæmdastjóra hjá WIPO, og Almars Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins þar sem var farið yfir það helsta sem kom fram á ráðstefnunni.

Í tilefni ráðstefnunnar var einnig opnuð glæsileg sýning listakonunnar og grafíska hönnuðarins Elsu Nielsen um sögu og þróun hugverkaréttar

á Íslandi. Sýningin var opnuð samhliða ráðstefnunni fyrir utan Kaldalón í Hörpu, en þar var sýnd þróun vörumerkja, uppfinninga og hönnunar í gegnum árin og hvernig þessi hugverk eru alls staðar í kringum okkur dags daglega.



# Ráðstefna HR og WIPO um hugverkastefnur háskóla

Í október var haldin ráðstefna á vegum Einkaleyfastofunnar, Alþjóða-hugverkastofnunarinnar (WIPO) og Háskólans í Reykjavík um verndun hugverkaréttinda í rannsóknum. Á ráðstefnunni var rætt um hvernig hægt er að vernda þá þekkingu sem skapast í rannsóknum hér á landi og hvernig er hægt að hámarka verðmæti þeirra og nýta í þágu atvinnulífsins.

Ásdís Magnúsdóttir aðjúnkt við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og meðeigandi á Árnason Faktor stjórnaði ráðstefnunni en í tilefni hennar var fenginn hingað til lands sérfræðingur WIPO, Lien Verbauwheide, til að flytja erindi um þróun hugverkaáætlana hjá háskólum og rannsóknarstofnunum. Þar kom fram að mikilvægt er að sú þekking sem verði til innan mennta- og rannsóknarstofnana nýtist á sem bestan hátt í þágu atvinnulífsins. Lagt hefur verið til að komið verði á fót tækni- og þekkingaryfirfærsluskrifstofu hér á landi til að stuðla að þessari þróun.

Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Einkaleyfastofunnar, setti ráðstefnuna en auk Lien Verbauwheide fluttu erindi Dr. Ari Kristinn Jónsson, rektor Háskólans í Reykjavík, Emil Pot, einkaleyfalögfræðingur, Hilmar Bragi Janusson, forseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs Háskóla Íslands, Erla Skúladóttir, stjórnarformaður Lauf Forks, Herwig Lejsek, forstjóri Videntifier og Dr. Einar Mäntylä, verkefnisstjóri í nýsköpunarmálum á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands.



Þetta er í fjórða sinn sem Einkaleyfastofan er í hópi efstu stofnanna í könnuninni og í annað sinn í öðru sæti en hún var í fyrsta sæti árið 2014 og hlaut þá nafnbótina Stofnun ársins.

## Fyrirmyndarstofnun ársins 2016

Einkaleyfastofan hlaut sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun ársins 2016 í flokki meðalstórra stofnana (20-49 starfsmenn) sem er veitt árlega af SFR. Niðurstöðurnar voru kynntar í Hörpu við hátíðlega athöfn að viðstöddu margmenni hinn 12. maí 2016.

Þetta er í fjórða sinn sem Einkaleyfastofan er í hópi efstu stofnanna í könnuninni og í annað sinn í öðru sæti en hún var í fyrsta sæti árið 2014 og hlaut þá nafnbótina Stofnun ársins. Sú góða einkunn sem starfsmenn Einkaleyfastofunnar hafa gefið vinnustað sínum undanfarin ár ber vitnisburð um góðan starfsanda, öfluga starfsmannastefnu og góða stjórnun vinnustaðarins.


Í könnuninni eru mældir þættir á borð við ánægju og stolt, starfsanda, trúverðugleika stjórnenda, launakjör, sjálfstæði í starfi, vinnuskilyrði, sveigjanleika vinnu og ímynd stofnunar. Markmið könnunarinnar Stofnun ársins er nú sem áður að veita stjórnendum tæki til að vinna að úrbótum í stjórnun og starfsumhverfi og eins aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.




# Þjónustukönnun 2016

Þjónustukönnun var send út til viðskiptavina Einkaleyfastofunnar í lok árs 2016. Könnunina fengu 617 aðilar sem nýtt höfðu sér þjónustu stofnunarinnar á 12 mánaða tímabili þar á undan. Niðurstaða könnunarinnar sýnir að 74,8% viðskiptavina eru mjög ánægðir eða fremur ánægðir með þjónustu Einkaleyfastofunnar, 90,6% segja viðmót starfsfólks vera mjög gott eða fremur gott og 85,5% telja þekkingu starfsfólks vera mjög mikla eða fremur mikla. Í könnuninni var spurt um viðhorf til heimasíðu Einkaleyfastofunnar og bárust margar mjög gagnlegar ábendingar t.d. um atriði sem betur mættu fara á heimasíðunni og leitarvef um vörumerki. Þegar niðurstaða könnunarinnar er borin saman við þjónustukönnunina sem gerð var árið 2013 er það mat svarenda að þekking og fagmennska starfsmanna hafi aukist en viðmót starfsmanna og sá tími sem tekur að afgreiða erindi fær eilítið lægri einkunn en áður. Þá fær traust til stofnunarinnar einkunnina 4,06 af 5 mögulegum en árið 2013 var einkunnin 4,21.


Ánægjulegt er að sjá að ríflega 70% svarenda höfðu fengið leiðbeiningar hjá starfsmönnum Einkaleyfastofunnar og gáfu þeim einkunnina 4,38 af 5 mögulegum. Þá eru viðskiptavinirnir mjög ánægðir með aukna áherslu á rafræna þjónustu.



**74,8%**  
viðskiptavina  
eru ánægðir



**90,6%**  
segja viðmót  
starfsfólks vera gott



**85,5%**  
telja þekkingu  
starfsfólks vera mikla



**4,06 af 5 mögulegum**  
Traust til stofnunarinnar



**4,38 af 5 mögulegum**  
Leiðbeiningar starfsmanna



# Samstarf



## Innlent

Einkaleyfastofan leggur mikla áherslu á gott samstarf við innlenda hagsmunaaðila til að auka þekkingu og vitund á hugverkaréttindum, bæta þjónustu við viðskiptavinum og stuðla að aukinni og bættri notkun á hugverkaréttindum á Íslandi. Stofnunin hefur því í gegnum árin átt í margvíslegu samstarfi við aðila í iðnaði, menntun, rannsóknunum, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi hér á landi enda eru hugverk víða að finna. Þar á meðal nefna Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Samtök iðnaðarinnar, Íslandsstofu, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Icelandic Startups svo eitthvað sé nefnt.

Einkaleyfastofan leiðir einnig samstarfshóp sem hefur það markmið að auka vitund og samstarf um aðgerðir gegn brotum á hugverkaréttindum. Í hópnum sitja fulltrúar Tollstjóra, lögreglu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Lyfjastofnunar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, STEF, Myndstef, Frísk, Neytendastofu og SFH.

Einkaleyfastofan á einnig í samstarfi við umboðsmenn hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Hún fundar reglulega með Félagi umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa (FUVE) og Félagi einkaleyfasérfræðinga (FEIS) til að miðla upplýsingum og tryggja að stofnunin veiti bestu mögulegu þjónustu til viðskiptavina sína.

## Erlent

Einkaleyfastofan á í alþjóðlegu samstarfi til að tryggja virka miðlun á upplýsingum, reynslu og þekkingu á milli einkaleyfa- og hugverkastofa í Evrópu. Á tímum heimsvæðingar þar sem viðskipti eru í síauknum mæli alþjóðleg þá verður þessi þróun æ mikilvægari. Einkaleyfastofan tekur virkan þátt í samstarfi sem miðar að því að þróa alþjóðlegt hugverkakerfi en einnig til að vinna að sameiginlegum hagsmunum sem miða að því að bæta alþjóðlega vernd á nýsköpun og hugverkum.

Þessi vinna fer að miklu leyti fram á vettvangi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem Ísland er aðili að. En Einkaleyfastofan á einnig í viðamiklu samstarfi á vettvangi Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO), Nordic Patent Institute (NPI), Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) auk samstarfs á milli einkaleyfa- og hugverkastofa Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkjanna.





# OHIM verður Hugverkastofa Evrópusambandsins (EUIPO)

Vörumerkja- og hönnunarskrifstofu Evrópusambandsins eða Office for Harmonisation in the Internal Market (OHIM), breytti á árinu nafni sínu í European Union Intellectual Property Office (EUIPO), eða Hugverkastofa Evrópusambandsins.

Löggjöf sem tilgreinir nafnabreytinguna var samþykkt í desember 2015, en þann 23. mars 2016 breyttist nafn stofnunarinnar ásamt því að Evrópuvörumerki stofnunarinnar (e. Community trade mark - CTM), voru endurnefnd European Union trade mark (EUTM).

Einkaleyfastofan og OHIM hafa á undanförunum árum átt í margvíslegu samstarfi en fjölmargir íslenskir vörumerkja- og hönnunareigendur hafa einmitt skráð hugverk sín í Evrópusambandinu í gegnum stofnunina. Nú vísa öll skráð Evrópuvörumerki (CTM) til European Union trade marks (EUTM) og það sama á við um umsóknir um Evrópuvörumerki.

EUIPO er stærsta sjálfstæða stofnun Evrópusambandsins. Auk þess að hafa umsjón með Evrópuvörumerkjum og Evrópuhönnun (e. Registered Community Design - RCD) þá starfar stofnunin í samvinnu við lands- og svæðisskrifstofur á sviði hugverkaréttar til að byggja upp sterkara hugverkaréttindakerfi í Evrópu.





## Mannauður og rekstur



Reksturinn er fjármagnaður með þjónustugjöldum frá þeim sem kjósa að eiga viðskipti við Einkaleyfastofuna og kemur því ekki til framlag úr ríkissjóði að öðru leyti en því sem varðar rekstur faggildingar.

## Rekstur

Rekstur Einkaleyfastofunnar er um margt frábrugðinn rekstri annarra ríkisstofnana. Reksturinn er fjármagnaður með þjónustugjöldum frá þeim sem kjósa að eiga viðskipti við Einkaleyfastofuna og kemur því ekki til framlag úr ríkissjóði að öðru leyti en því sem varðar rekstur faggildingar. Umsvif stofnunarinnar ráðast þannig af fjölda umsókna og erinda sem koma til meðferðar hjá stofnuninni hverju sinni.

Rekstrarform Einkaleyfastofunnar er A-hluta form og er fjárheimild stofnunarinnar ákvörðuð á fjárlögum hvers árs án þess að til komi framlag úr ríkissjóði. Sá vandi hefur hins vegar blasað við um árabíl að fjárheimildir samkvæmt fjárlögum hafa ekki endurspeglad raunverulegt rekstrarumhverfi stofnunarinnar og verið töluvert lægri en raunkostnaður.

Hvað rekstur faggildingar varðar þá er kveðið á um það í 3. gr. laga nr. 24/2006 um faggildingingu o.fl. að faggildingarsvið skuli vera fjárhagslega aðgreint frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Þrátt fyrir þetta hefur Einkaleyfastofan einungis fengið úthlutað einu fjárlaganúmeri og er aðeins einn ársreikningur fyrir stofnunina í heild.




# Starfsfólk Einkaleyfastofunnar

Eitt af meginmarkmiðum Einkaleyfastofunnar er að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Á Einkaleyfastofunni starfar öflugur hópur starfsmanna sem leggur sig fram við að gera góðan vinnustað betri með jákvæðni og góðum samskiptum. Eitt af því sem Einkaleyfastofan gerir til að viðhalda góðu starfsumhverfi er að leggja fyrir starfsfólk mánaðarlegar árangursmælingar þar sem könnuð eru viðhorf starfsmanna til mismunandi þátta eins og starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og þjálfun og þróun. Niðurstöður þessara kannana eru mikilvægt tæki fyrir stjórnendur en í þeim felst regluleg endurgjöf frá starfsmönnum á störf þeirra en þær eru ekki síður mikilvægar fyrir vinnustaðinn í heild því þær gefa góða mynda af upplifun starfsmanna af vinnustaðnum.

Fræðsla og endurmenntun starfsmanna var áberandi á árinu. Sérstök áhersla var lögð á innanhússfræðslu og þjálfun en margir starfsmenn fengu ný verkefni til úrlausna samhliða skipulagsbreytingunum. Þá var innleidd starfsþróunaráætlun fyrir stofnunina en tilgangur hennar er að tryggja að starfsfólk sé vel þjálfað og hafi þá hæfni sem þarf til að ná árangri í starfi. Þannig er stuðlað að öryggi og ánægju starfsmanna í starfi og árangri í starfsemi stofnunarinnar. Samhliða innleiðingu starfsþróunaráætlunar voru öll störf hæfnigreind.




Í árslok 2016 störfuðu 28 starfsmenn með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu á Einkaleyfastofunni. Meðalaldur starfsmanna var 43 ár og starfsaldur var að meðaltali 9 ár. Kynjaskipting var með þeim hætti að karlar voru 25% starfsmanna og hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var 67%.



**28 starfsmenn**


**Meðalstarfsaldur**  
**9 ár**



25%

75%

**Meðalaldur**  
**43 ár**



**Háskólamenntaðir**

# Ársreikningur 2016

Fjárheimild Einkaleyfastofunnar samkvæmt fjárlögum ársins 2016 var 341,4 m.kr. Ef frá er talið 22,9 m.kr. framlag úr ríkissjóði vegna faggildingar var gert ráð fyrir því að reksturinn yrði fjármagnaður með rekstrartekjum. Á tekjuhlið fjárlaga voru rekstrartekjur áætlaðar 320,6 m.kr. og sértekjur 8,4 m.kr.

Rekstraráætlun gerði ráð fyrir heildarrekstrarkostnaði að upphæð 350 m.kr. og heildartekjum að upphæð 356,6 m.kr. sem skiptist annars vegar í rekstrartekjur, 348,1 m.kr. og sértekjur, 8,5 m.kr. Rekstraráætlunin gerði þannig ráð fyrir að tekjur og gjöld yrðu hærri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir og að teknu tilliti til framlags úr ríkissjóði vegna faggildingar yrði tekjuafgangur 29,5 m.kr.



Rekstrarafkoma var nokkuð betri en áætlun gerði ráð fyrir en rekstrartekjur voru 367,9 m.kr. Stærsti hluti teknanna kemur til vegna vörumerkja eða 67,4% og er stærsti einstaki tekjuliðurinn vegna alþjóðlegra vörumerkja-skráninga. Tekjur vegna einkaleyfa fara vaxandi ár frá ári og eru nú 29,5% af öllum rekstrartekjum. Tekjur vegna hönnunar eru 0,4% og tekjur vegna faggildingar eru 2,7%.

Sértekjur voru nokkuð hærri en áætlað var eða 13,5 m.kr. Sértekjurnar skýrast annars vegar af endurgreiðslum frá Evrópsku einkaleyfastofunni fyrir útlögðum kostnaði vegna ferða og funda og hins vegar endurgreiðslum frá alþjóðastofnunum fyrir útlögðum kostnaði vegna tæknilegra samstarfsverkefna.

Rekstrargjöld voru alls 355,5 m.kr. en rekstrarkostnaður var ívið hærri en áætlun gerði ráð fyrir, einkum varðandi viðhald á húsnæði og endurnýjun á tækjabúnaði. Stærsti einstaki útgjaldaliðurinn var launakostnaður (68%) og því næst kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu (15,5%) en Einkaleyfastofan er verulega háð utanaðkomandi þjónustu er varðar grunnstarfsemi stofnunarinnar, þ.á m. rannsóknir á einkaleyfisumsóknum hjá dönsku einkaleyfastofunni og kostnað vegna úttekta á faggildingum framkvæmda af sænskum og norskum faggildingaryfirvöldum.

Sem fyrr segir voru heildartekjur 381,5 m.kr. og rekstrargjöld 355,5 m.kr. Að teknu tilliti til ríkisframlags vegna faggildingar nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 48,9 m.kr.

## Rekstrartekjur



|                              | Rauntölur 2016<br>kr. | Áætlun 2016<br>kr. | Fjárlög 2016<br>kr. |
|------------------------------|-----------------------|--------------------|---------------------|
| <b>Tekjur</b>                |                       |                    |                     |
| Rekstrartekjur               | 367.986.476           | 348.100.000        | 310.100.000         |
| Sértekjur                    | 13.552.359            | 8.500.000          | 8.400.000           |
| <b>Tekjur samtals:</b>       | <b>381.538.835</b>    | <b>356.600.000</b> | <b>318.500.000</b>  |
| <b>Gjöld</b>                 |                       |                    |                     |
| Rekstrargjöld                | 355.514.000           | 350.000.000        | 341.400.000         |
| <b>Gjöld samtals:</b>        | <b>355.514.000</b>    | <b>350.000.000</b> | <b>341.400.000</b>  |
| <b>Tekjur umfram gjöld</b>   | <b>26.024.835</b>     | <b>6.600.000</b>   | <b>-22.900.000</b>  |
| Framlag úr ríkissjóði        | 22.900.000            | 22.900.000         | 22.900.000          |
| <b>Hagnaður / tap ársins</b> | <b>48.924.835</b>     | <b>29.500.000</b>  | <b>0</b>            |

[www.els.is](http://www.els.is)